

**Nd.**

### **39. Tillaga**

til þingsályktunar um byrjun hafnargerðar á Skagaströnd.

Flutningsm.: Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota á árinu 1934 heimild þá, sem felst í ákvæðum um stundarsakir í lögum nr. 21 frá 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

#### **Greinargerð.**

Í lögum um hafnargerð á Skagaströnd frá 14. júní 1929 eru svo hljóðandi ákvæði um stundarsakir:

„Til þeirrar byrjunar á hafnargerðinni, að leggja garð út í Spákonufellseyju, veg eftir eyjunni og bryggju frá suðurenda hennar, má ríkisstjórnin, þegar hún telur ástæður rikissjóðs leyfa, verja allt að 50 þús. kr. úr rikissjóði, gegn tilsvaramandi eða allt að 75 þús. kr. framlagi úr hafnarsjóði Skagastrandar. Svo er ríkisstjórninni og heimilt að ábyrgjast allt að 75 þús. kr. lán handa hafnarsjóðnum í þessu skyni, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og tekur ákvæði annarar málsgreinar í 2. gr. þessara laga eigi til þeirrar ábyrgðar. Að öðru leyti gilda ákvæði 1.—19. gr. laganna einnig um þennan hluta verksins“.

Nánar í framsögu.